

## Starfsemi Siðfræðistofnunar árið 2006

### *Stjórn og starfslið*

Stjórn Siðfræðistofnunar var óbreytt frá fyrra ári en í henni eiga sæti: Vilhjálmur Árnason, prófessor, tilnefndur af heimspekiskor, formaður stjórnar, Sólveig Anna Bóasdóttir, dr. theol., tilnefnd af guðfræðideild, Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, tilnefnd af kirkjuráði þjóðkirkjunnar, Ástríður Stefánsdóttir, dósent, tilnefnd af Kennaraháskóla Íslands og Páll Hreinsson, prófessor í lagadeild, skipaður af Háskólaráði án tilnefningar. Fyrir utan forstöðumann Salvöru Nordal, sem er í fullu starfi, hafa sérfræðingar verið ráðnir í einstök rannsóknarverkefni í lengri eða skemmri tíma.

### *Rannsóknir*

#### Rannsóknir í lífsiðfræði.

Unnið var áfram að verkefninu *Notkun gagnagrunna á heilbrigðissviði: Siðferðileg álitamál*. Sem styrkt er af Rannsóknasjóði Rannís og sótt um framhaldsstyrk.

Siðfræðistofnun hlaut áframhaldandi styrk frá NorFa/Nordforsk fyrir samstarfsnet á sviði siðfræði og lífvísinda, *The Ethics of Genetic and Medical Information*. Auk Siðfræðistofnunar, sem leiðir verkefnið, standa að rannsókninni vísindamenn frá Eistlandi, Finnlandi, Svíþjóð og Englandi. Fundur var haldinn í verkefninu í Sandhamn við Stokkhólm 11. og 12. júní í tengslum við ráðstefnu um mörk sjálfræðis. Lokafundur verkefnisins var haldinn í Reykjavík, 11. nóvember, en þar var einkum rætt um lyfjaerfðafræði.

Í framhaldi af verkefninu ELSAGEN *Ethical, Legal and Social Aspects of Human Genetic Databases*, sem lauk formlega í árslok 2004, hefur Siðfræðistofnun tekið þátt í margvíslegum erlendum fundum og samstarfsverkefnum. Forstöðumaður sótti fund í Sevilla 21. janúar þar sem fjallað var um notkun gagnagrunna í heilbrigðisvísindum. Formanni stjórnar var boðið að flytja fyrirlestra um lífsiðfræðileg efni á vegum International Center for Ethics, Justice and Public Life at Brandeis University, 1. mars 2006, Akademie für Ethik in der Medizin, Göttingen, 17. júní, 2006, Warwick Medical School, Warwick University, 5. júlí 2006 og Turku-háskóla, 21–22. ágúst 2006.

Á árinu var sótt um áframhaldandi styrki fyrir rannsóknir á sviði gagnagrunna á heilbrigðissviði í 6. rammaáætlun Evrópusambandsins.

#### Önnur rannsóknaverkefni:

Önnur minni verkefni hafa verið starfrækt, s.s. verkefnið *Siðfræði og samtími*, sem felur í sér skipulagningu á fyrirlestrum og útgáfu, og nýtt verkefni *Gildismat og velferð barna í neytlusamfélagi nútímans*. Undirbúningsfundur vegna síðara verkefnisins var haldinn í 6. mars og síðan var efnt til Skálholtsfundar um efnið 29.–30. september. Bæði verkefni eru undir stjórn Vilhjálms Árnasonar, prófessors og styrkt af Kristnihátíðarsjóði.

### *Þjónusta*

Siðfræðistofnun veitti sem fyrr umsagnir um ýmis lagafrumvörp og skýrslur á árinu og veitti fagfélögum, fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf, einkum um siðareglur.

Siðfræðistofnun skipulagði námskeið fyrir Félagsvísindadeild um siðfræði rannsókna og fagmennsku fyrir doktorsnema í deildinni. Námskeiðið var haldið í síðari hluta september og byrjun október.

### *Fyrirlestrar og ráðstefnur*

Mikilvægur þáttur í starfsemi Siðfræðistofnunar er jafnan skipulagning málþinga og fyrirlestra hvers konar. Þann 23. september stóð Siðfræðistofnun að málþingi í tilefni þess að á árinu 2006 voru 200 ár voru liðin frá fæðingu J.S. Mill. Málþingið var haldið í samvinnu við Heimspekistofnun. Á þinginu fjölluðu þau Vilhjálmur Árnason, Kristján Kristjánsson, Sigríður Þorgeirsdóttir, Róbert H. Haraldsson, Eiríkur Smári Sigurðsson, Sigurður Kristinsson, Svavar Hrafn Svavarsson, Guðmundur Heiðar Frímansson og Mikael M. Karlsson um heimspeki Mills.

### *Útgáfa*

Bókin *Leitin að tilgangi lífsins* eftir Viktor Frankl var endurútgefin á árinu með nýju útliti.